

Fimmtudaginn 3. nóvember 1994.

Nr. 210/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Karli Karlssyni

(Kristján Stefánsson hrl.)

Ölvun við siglingu skips. Réttindasvipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut þessu máli til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar og lækkunar á ákvörðun um refsingu og réttindasviptingu.

Af hálfu ákærvalds er héraðsdómi einnig áfrýjað til þyngingar.

Áður en málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, kom fram sú krafa af hálfu ákærða, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins. Sýknukrafa ákærða gengur lengra en fyrrgreind kröfugerð samkvæmt áfrýjunarstefnu, sem er í samræmi við skriflega yfirlýsingu hans sjálfs til ríkissaksóknara frá 19. apríl sl., og verður því ekki litið nánar til hennar.

Brot ákærða varðar við 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Var þannig staðið réttilega af hálfu ákærvalds að sókn málsins í héraði, þótt fallið hafi verið frá tilvísun í ákæru til ákvæða XV. kafla siglingalaga nr. 34/1985, sem lögreglustjóra brast ákærvald um.

Pegar litið er til brots ákærða og sakaferils hans, þykir sekt á hendur honum hæfilega ákveðin 100.000 krónur, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 30 daga. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um að svipta ákærða skipstjórnarréttindum í 12 mánuði, talda frá birtingu þessa dóms, svo og ákvæði hans um sakarkostnað. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Ákærði, Karl Karlsson, greiði 100.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærði er sviptur skipstjórnarréttindum í 12 mánuði frá birtingu þessa dóms.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eru óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefáns-sonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. mars 1994.

Ár 1994, föstudaginn 25. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 137/1994: Ákærvaldið gegn Karli Karlssyni, sem tekið var til dóms 8. mars sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 21. febrúar sl., gegn ákærða, Karli Karlssyni, Þórufelli 4, Reykjavík, kt. 301161-2989, „fyrir að hafa siglt trillubátnum Helgu Péturs, GK-478, 1572, að morgni laugardagsins 7. ágúst 1993 undir áhrifum áfengis út úr höfninni í Rifi í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til Hellissands, þar sem lögregla tók hann og færði til hafnar.

Þetta telst varða við 2. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 24. gr., sbr. 33. gr. áfengisлага nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar skipstjórnarréttinda skv. 3. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 1. mgr. 24. gr. áfengisлага nr. 82/1969“.

Við meðferð málsins féll ákærandi frá tilvísun til ákvæða siglingalaga.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæruskjali, en þess má geta, að ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og samkvæmt niðurstöðu hennar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,28‰.

Samkvæmt gögnum málsins hefur umræddur bátur skipaskráningarnúmerið 1572, og við rannsókn málsins upplýsti ákærði, að hann hefði skipstjórnarréttindi á 200 tonna bát, en kvaðst vera búinn að týna atvinnuskírteini sínu.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa siglt

umræddum bát undir áhrifum áfengis, en kveður þessa háttsemi sína ekki brjóta gegn 24. gr. áfengislaga, þar sem sú lagagrein taki eingöngu til skipa, en ekki smábáta.

Niðurstaða.

Í 24. gr. áfengislaga segir meðal annars, að það varði skipstjóra, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjóra missi réttar til að stjórna skipi, bát eða vélum stundarsakir, ef þeir eru undir áhrifum áfengis við stjórn skips eða vélar. Trillubátur ákærða var skráður í skipaskrá, og verður því að telja, að hann sé skip í merkingu 24. gr. áfengislaga. Hefur ákærði því unnið sér til refsingar og sviptingar skipstjórnarréttinda samkvæmt þeim greinum áfengislaga, er raktar eru í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann dóm árið 1991 fyrir umferðarlagabrot, og var hann sviptur ökuleyfi í fjögur ár frá 8. júlí 1990. Þá var ákærði 26. janúar 1993 dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir skjalafals. Með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga þykir mega láta skilorðsdóminn haldast, enda þykir brot ákærða aðeins varða sektum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga. Þá þykir hæfilegt að svipta ákærða skipstjórnarréttindum í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Með vísan til 139. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt, að áfrýjun fresti áhrifum þessa dómsákvæðis.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Karl Karlsson, greiði 35.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur skipstjórnarréttindum í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 10.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., 15.000 krónur.